

## Ályktun Vistfræðifélags Íslands vegna sjókvíaeidis á laxfiskum:

- 1) Nauðsynlegt er að uppbygging á umdeildum atvinnuvegi eins og fiskeldi byggi á traustum vísindalegum grunni þar sem að öll umhverfisáhrif eldisins eru lágmörkuð.
- 2) Það er mikill skortur á grunnrannsóknnum á lífríki lands og sjávar á Íslandi. Skortur á upplýsingum gerir það erfitt í mörgum tilfellum að taka upplýstar ákvarðanir um framkvæmdir. Vegna sérstöðu íslensk lífríkis er ekki hægt að yfirfæra rannsóknarniðurstöður frá nágrannaríkjum athugasemda laust.
- 3) Ákjósanlegast er að rannsóknir séu gerðar með breiðu samráði stofnana og háskóla. Þannig er tryggt að sem flestir komi að málinu og ólík túlkun reifuð.
- 4) Það er mikilvægt að gerðar séu vandaðar áhættugreiningar, sem taka til margra þátta, þegar komið er á nýjum iðnaði, eða gömlum iðnaði á nýjum stað. Það er nauðsynlegt að ný starfsemi byggi á mjög áræðanlegu verðmætamati á náttúrulegum gæðum s.s. á rannsóknnum á líffræðilegri fjölbreytni og á samfélagslegri nálgun, en ekki eingöngu á fjárhagslegum atriðum.
- 5) Það er nauðsynlegt að gert verði samræmt skipulag fyrir allt landið þar sem að öll nýting náttúruauðlinda sé skipulögð (líkt og gert er í rammaáætlun).
- 6) Setja þarf svipaðar varúðarreglur, hvort sem við erum að tala um sjókvíaeildi, gönguseiðasleppingar, sprengingar á fossum, kalkþörungavinnslu, þangskurð o.s.fr.. Í raun er ekkert sérstakt við sjókvíaeildið nema að það er fjölmiðlamál.

Stjórn Vistfræðifélags Íslands

14. Nóvember 2018